

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árinu 2002 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, 58/1995, 38/1998, 34/1999, 44/2000 og 47/2001, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2002	05.11.2002	Breyting á bókun B	01.01.2003
2/2002	05.11.2002	II. viðauki	01.01.2003
3/2002	05.11.2002	Breyting á bókun A	01.01.2003

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.